

Mánudaginn 4. október 1993.

Nr. 391/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni.

Kærumál. Verjendur. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann tilkynnti héraðsdómara í þinghaldi 23. september sl. eftir uppsögu hins kærða úrskurðar. Kæran barst réttinum sama dag, en greinargerðir aðila ásamt gögnum frá varnaraðila bárust nokkrum dögum síðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að skipa Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann verjanda sinn í sakamálinu nr. 459/1993: Ákærvaldið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni o. fl. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 23. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. þ. m., er höfðað mál á hendur ákærða, Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni, Álfheimum 25, Reykjavík, til refsingar fyrir skjalafals með því að hafa fyrir um tíu árum falsað á

sjö veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 50.000 krónur, framsalsáritanir sér til handa, eins og nánar er lýst í ákæru, og að hafa framvísað bréfunum með þessum framsölum til innheimtu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Þá er krafist upptöku bréfanna, og í því efni er málið einnig höfðað gegn Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, Háteigsvegi 19 í Reykjavík.

Við þingfestingu málsins 16. þ. m. kröfðust ákærði og lögmaður hans, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, þess, að orðið yrði við því, að lögmaðurinn hlyti skipun sem verjandi ákærða í málinu.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari lýsti yfir, að ekki væri unnt að verða við þessu, og vísaði í 3. tl. 39. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en lögmaðurinn hefði þegar verið yfirheyrður sem vitni í málinu hjá rannsóknarlögreglu, og þess yrði krafist, að hann kæmi fyrir dóminn sem vitni. Þá væri í ákæru vikið að lögmanninum, sem samkvæmt framburði ákærða ætti að vera vörslumaður allra þeirra gagna, sem legið hefðu til grundvallar viðskiptunum.

Lögmaðurinn sagði, að hann teldi ákæruvaldið ekki geta með þessum hætti gert lögmann vanhæfan sem verjanda ákærðs manns. Skýrslan, sem hann hefði gefið á sínum tíma hjá rannsóknarlögreglu, fjallaði ekki um það sakarefni, sem ákært væri fyrir í máli þessu, þ. e. fölsun umræddra bréfa, heldur eingöngu um innheimtu á skuldabréfunum, og einnig hefði lögmaðurinn afhent rannsóknarlögreglu gögn varðandi viðskipti ákærðu, Jóhönnu Lucindu, vegna þessara skuldabréfa. Að lokum sagði verjandi, að verjandi yrði ekki vanhæfur, þótt ákæruvaldið nefndi hann á nafn í ákæru, sem sé ekki í neinum tengslum við ákæru efnið.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður mætti samkvæmt gögnum málsins 24. janúar 1988 sem vitni vegna innheimtu skuldabréfanna sjö og gerði grein fyrir afskiptum sínum af þeim. Fyrir liggur einnig, að ákæruvaldið óskar eftir, að lögmaðurinn verði yfirheyrður sem vitni í málinu. Þessi tvö atriði eru að mati dómsins ein sér næg ástæða til þess, að dómurinn hefur samkvæmt 3. tl. 39. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki heimild til þess að skipa lögmanninn verjanda ákærða. Er því synjað um að skipa Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann verjanda ákærða, Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu þess efnis, að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður verði skipaður verjandi ákærða, Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, í máli þessu.